

**Alþingi**  
00 201

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðanda .....	2
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	4
Yfirlit um afkomu ársins .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Starfsþáttayfirlit .....	8
Skýringar .....	9

Alþingi

kt. 420169-3889

Kirkjustræti, 150 Reykjavík

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til forsætisnefndar Alþingis

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Alþingis fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu og áritun forstöðumanns.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2020, efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningssskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun forstöðumanns.
  - Yfirlit um afkomu ársins 2020.
  - Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
  - Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020.
  - Starfsþáttayfirlit ársins 2020.
  - Skýringar, sem innifela helstu reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla og áritun forstöðumanns er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

### Óháði

Við erum óháð stofnuninni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og áritun forstöðumanns

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun forstöðumanns sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritun forstöðumanns og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun forstöðumanns höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun forstöðumanns hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningssskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning stofnunarinnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórnendur skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.



### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi stofnunarinnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að stofnunin verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 2. júlí 2021

**PricewaterhouseCoopers ehf.**



Ljósbrá Baldursdóttir

löggiltur endurskoðandi



## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands fer Alþingi með löggjafarvaldið ásamt forseta Íslands. Meginverkefni Alþingis er lagasetning en þingið fer einnig með viðamikil eftirlitshlutverk.

COVID faraldurinn hefur haft margvísleg áhrif á starfsemi Alþingis og skrifstofu þingsins. Þannig hefur þurft að gera breytingar á tilhögun þingfunda og nefndafunda sem hefur valdið verulegum kostnaði fyrir Alþingi. Á móti vegur að alþjóðastarf Alþingis hefur á sama tíma að mestu færst yfir í fjarfundi og því hafa fjárhagsleg áhrif faraldursins í heildina ekki verið neikvæð fyrir rekstur Alþingis.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 01 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 4.186,6 milljónir og afkoma kr. 159,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 473,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 956,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Alþingis í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Alþingis fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. júlí 2021



Ragna Árnadóttir  
Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	4.121.100.000	3.903.400.000
Seld þjónusta .....	3	28.185.843	27.320.523
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	10.123.737	6.792.961
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	27.219.531	50.751.473
<b>Tekjur samtals</b>		<b>4.186.629.111</b>	<b>3.988.264.957</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	3.093.923.568	2.890.619.102
Framlög og tilfærslur .....	6	140.082.721	113.872.090
Annar rekstrarkostnaður .....	7	769.379.096	860.126.920
Afskriftir .....	8	27.219.531	50.751.473
<b>Gjöld samtals</b>		<b>4.030.604.916</b>	<b>3.915.369.585</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>156.024.195</b>	<b>72.895.372</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		2.432.189	1.823.368
Arður .....		765.577	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	9	(218.374)	(466.917)
		2.979.392	1.356.451
<b>Afkoma ársins</b>		<b>159.003.587</b>	<b>74.251.823</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		173.386.308	60.423.913
Rekstrartilfærslur .....		(14.382.721)	13.827.910
		<b>159.003.587</b>	<b>74.251.823</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.



## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir, verk í vinnslu .....	11	92.241.639	62.211.818
Áhöld, tæki og búnaður .....	11	81.167.819	74.027.783
Farartæki og vélar .....	11	13.425.081	16.065.794
Aðrar eignir .....	11	7.000.000	7.000.000
Óefnislegar eignir .....	10	12.284.093	0
		<u>206.118.632</u>	<u>159.305.395</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	12	229.110	229.110
		<u>206.347.742</u>	<u>159.534.505</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	13	3.398.530	414.815
Tengdir aðilar .....	14	526.549.570	448.193.016
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	15	12.361.773	15.118.209
Handbært fé .....		208.014.347	49.204.896
		<u>750.324.220</u>	<u>512.930.936</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>			
<b>Eignir samtals</b>		<u>956.671.962</u>	<u>672.465.441</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	16		
Hrein eign .....		473.636.848	314.623.661
		<u>473.636.848</u>	<u>314.623.661</u>
<b>Eigið fé samtals</b>			
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	14	12.362.279	7.821.522
Viðskiptaskuldir .....		37.296.855	55.669.725
Ýmsar skammtímaskuldir .....	17	191.335.338	167.810.360
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	18	242.040.642	126.540.173
		<u>483.035.114</u>	<u>357.841.780</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>483.035.114</u>	<u>357.841.780</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>956.671.962</u>	<u>672.465.441</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	19		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		159.003.587	74.251.823
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	27.219.531	50.751.473
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(27.219.531)	(50.751.473)
Söluhagnaður .....	3	20.000	45.953
		<u>159.023.587</u>	<u>74.297.776</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(217.679)	(11.738.634)
Tengdir aðilar .....		(5.128.564)	(94.125.314)
Skammtímaskuldir .....		5.152.108	12.860.226
		<u>(194.135)</u>	<u>(93.003.722)</u>
		<u>158.809.452</u>	<u>(18.705.946)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....	10	(15.355.116)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(28.647.830)	(29.178.023)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		(30.029.821)	(62.211.818)
		<u>(74.032.767)</u>	<u>(91.389.841)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		142.700.000	43.600.000
Tengdir aðilar .....		(68.687.233)	45.455.041
		<u>74.012.767</u>	<u>89.055.041</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		158.809.451	(21.040.746)
		49.204.896	70.245.642
		<u>208.014.347</u>	<u>49.204.896</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

## Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2020, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Alþingis-kostnaður 00 201 101	Framlög til þingflokka 00 201 102	Almennur rekstur 00 201 106	Tæki og búnaður 00 201 601	Samtals 2020
	Málefna svið - málaflokkur				
	01 10	01 10	01 10		
<b>Tekjur</b>					
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.921.700.000	104.900.000	2.094.500.000	0	4.121.100.000
Seld þjónusta .....	0	0	28.185.843	0	28.185.843
Framlög og ýmsar tekjur .....	4.622.527	0	5.501.210	0	10.123.737
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	14.184	0	19.216.529	7.988.818	27.219.531
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.926.336.711</b>	<b>104.900.000</b>	<b>2.147.403.582</b>	<b>7.988.818</b>	<b>4.186.629.111</b>
<b>Gjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld .....	1.622.090.210	10.791.740	1.461.041.618	0	3.093.923.568
Rekstrartilfærslur .....	4.803.992	94.102.261	41.176.468	0	140.082.721
Annar rekstrarkostnaður .....	165.195.218	300	604.183.578	0	769.379.096
Afskriftir .....	14.184	0	19.216.529	7.988.818	27.219.531
<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.792.103.604</b>	<b>104.894.301</b>	<b>2.125.618.193</b>	<b>7.988.818</b>	<b>4.030.604.916</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>	<b>134.233.107</b>	<b>5.699</b>	<b>21.785.389</b>	<b>0</b>	<b>156.024.195</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>					
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	0	0	2.432.189	0	2.432.189
Arður .....	0	0	765.577	0	765.577
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	(781)	0	(217.593)	0	(218.374)
	(781)	0	2.980.173	0	2.979.392
<b>Afkoma ársins</b>	<b>134.232.326</b>	<b>5.699</b>	<b>24.765.562</b>	<b>0</b>	<b>159.003.587</b>
<b>Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum</b>					
Rekstur .....	139.036.318	(10.792.040)	45.142.030	0	173.386.308
Rekstrartilfærslur .....	(4.803.992)	10.797.739	(20.376.468)	0	(14.382.721)
	134.232.326	5.699	24.765.562	0	159.003.587
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>					
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	1.921.700.000	104.900.000	2.094.500.000	0	4.121.100.000
Fjáraukalög .....	0	0	0	0	0
Fjárveiting til tekna .....	1.921.700.000	104.900.000	2.094.500.000	0	4.121.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(1.787.467.674)	(104.894.301)	(2.069.734.438)	0	(3.962.096.413)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b>	<b>134.232.326</b>	<b>5.699</b>	<b>24.765.562</b>	<b>0</b>	<b>159.003.587</b>
Staða fjárveitinga 2019 í lok þess árs .....	0	0	0	0	0
<b>Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum</b>					
Rekstur .....	160.451.985	(10.792.040)	248.455.496	(5.656.463)	392.458.978
Rekstrartilfærslur .....	(4.803.992)	106.266.323	(20.376.468)	0	81.085.863
	155.647.993	95.474.283	228.079.028	(5.656.463)	473.544.841
<b>Fjárfestingar</b>					
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....	44.700.000	0	0	0	44.700.000
Fjárheimild til flytingar á framkvæmdum .....	0	0	98.000.000	0	98.000.000
Fjárfesting á árinu .....	0	0	(52.671.340)	(21.361.427)	(74.032.767)
Sala fastafjármuna .....	0	0	0	20.000	20.000
<b>Staða fjárfestingafjárveitingar</b>	<b>44.700.000</b>	<b>0</b>	<b>45.328.660</b>	<b>(21.341.427)</b>	<b>68.687.233</b>
Staða fjárfestinga 2019 í lok þessa árs .....	(27.563.959)	0	(5.201.263)	0	(32.765.222)
<b>Staða fjárfestingaheimilda í árslok 2020</b>	<b>17.136.041</b>	<b>0</b>	<b>40.127.397</b>	<b>(21.341.427)</b>	<b>35.922.011</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

#### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

#### Aðrar tekjur

Framiög og ýmsar tekjur samanstanda af leigutekjum vegna aðstöðu og endurkrafinni hlutdeild annarra stofnana í kostnaði.

#### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	30% / óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþingi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrir en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvislega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	4.121.100.000	3.903.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	27.219.531	50.751.473
	<u>4.148.319.531</u>	<u>3.954.151.473</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	3.995.400.000	125.700.000	0	4.121.100.000
Fjárukalög .....	0	0	0	0
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>3.995.400.000</b>	<b>125.700.000</b>	<b>0</b>	<b>4.121.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(3.822.013.692)	(140.082.721)	0	(3.962.096.413)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>173.386.308</b>	<b>(14.382.721)</b>	<b>0</b>	<b>159.003.587</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	12.554.219	4.612.512
Veitinga- og gistipjónusta .....	15.631.624	22.708.011
	<u>28.185.843</u>	<u>27.320.523</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.068.132	1.848.162
Kostnaðarhlutdeild .....	4.433.078	4.259.568
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	1.658.403	0
Ýmsar tekjur .....	2.964.124	685.231
	<u>10.123.737</u>	<u>6.792.961</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	2.505.923.565	2.346.381.172
Orlof, breyting .....	17.345.391	12.757.488
Launatengd gjöld .....	12.499.670	11.763.368
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	543.450.193	509.474.942
Starfsmannakostnaður .....	14.704.749	10.242.132
	<u>3.093.923.568</u>	<u>2.890.619.102</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	203,9	198,4

### 6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	140.082.721	113.872.090
	<u>140.082.721</u>	<u>113.872.090</u>

## Skýringar

	2020	2019
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	4.765.436	8.334.671
Byggingarvörur, almennar ....	221.668	217.759
Byggingarvörur, aðrar ....	0	66.944
Ýmis tæki og áhöld ....	35.812.812	12.110.744
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	15.000	38.897
Orkugjafir ....	23.101.009	28.778.852
Matvæli ....	26.056.267	36.041.642
Almennar rekstrarvörur ....	14.731.107	11.243.767
Vörukaup, almenn	104.703.299	96.833.276
Kennslu- og föndurvörur ....	129.786	129.938
Ýmsar sérgreindar vörur ....	351.401	169.702
Vörukaup, sérgreind	481.187	299.640
Fundir, námskeið, risna ....	30.859.217	36.578.156
Ferðir, uppihald ....	46.271.295	118.257.959
Akstur ....	24.929.497	34.685.996
Sérfræðipjónusta ....	83.492.774	87.898.567
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	209.029	186.992
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	4.478.681	4.334.348
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	12.669.184	9.042.471
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	202.909.677	290.984.489
Afnotagjöld ....	40.803.593	37.185.247
Leigugjöld ....	249.791.658	242.208.072
Notkun véla og flutningatækja ....	9.400.580	5.003.140
Verkkaup ....	101.030.717	112.527.055
Kostnaðarhlutdeild ....	2.358.112	2.632.317
Áhættutap og bætur ....	200.000	168.400
Tryggingar, lögboðnar ....	3.345.199	2.987.814
Opinber gjöld ....	54.355.074	52.097.470
Tilfærslur ....	0	17.200.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	461.284.933	472.009.515
Annar rekstrarkostnaður samtals	769.379.096	860.126.920
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	21.507.795	18.088.880
Farartæki og vélar ....	2.640.713	2.640.713
Sölutap og úreitar eignir ....	0	30.021.880
Tölvukerfi ....	3.071.023	0
	27.219.531	50.751.473
<b>9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>		
Fjármagnskostnaður ....	98.515	151.552
Gengistap, verðbreytingar ....	119.859	315.365
	218.374	466.917

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>10 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	12.284.093	0
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok:		
Stofnverð 1.1. ....	0	0
Viðbót á árinu .....	15.355.116	0
Afskriftir .....	3.071.023	0
Staða 31.12.2020 .....	12.284.093	0

### 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld og búnaður .....	81.167.819	74.027.783
Farartæki og vélar .....	13.425.081	16.065.794
Aðrar eignir .....	7.000.000	7.000.000
	101.592.900	97.093.577

Verk í vinnslu, hugbúnaður .....	92.241.639	62.211.818
	92.241.639	62.211.818

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	108.291.706	21.125.715	7.000.000	136.417.421
Viðbætur á árinu .....	28.647.831	0	0	28.647.831
	136.939.537	21.125.715	7.000.000	165.065.252
Afskriftir 1.1.2020 .....	34.263.923	5.059.921	0	39.323.844
Afskrift ársins .....	21.507.795	2.640.713	0	24.148.508
	55.771.718	7.700.634	0	63.472.352
Staða 31.12.2020 .....	81.167.819	13.425.081	7.000.000	101.592.900

### 12 Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
Internet á Íslandi ehf. ....	1,15%	229.110	229.110
		229.110	229.110

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slít, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>13 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	3.398.530	414.815
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	0	0
	3.398.530	414.815
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	3.123.862	0
Viðskiptakröfur í erlendra mynt .....	274.668	414.815
	3.398.530	414.815



## Skýringar

### 14 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	517.132.944	442.075.182
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	9.416.626	6.117.834
	<u>526.549.570</u>	<u>448.193.016</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	12.362.279	7.821.520
	<u>12.362.279</u>	<u>7.821.520</u>

### 15 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	4.245.985	5.560.191
Skattar .....	8.115.788	9.558.018
	<u>12.361.773</u>	<u>15.118.209</u>

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>16 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	314.623.661	240.371.838
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkv. ákvörðun fjármála og efnahagsráðuneytisins .....	9.600	
Afkoma ársins .....	159.003.587	74.251.823
Jöfnuður 31.12. ....	473.636.848	314.623.661

Ráðstöfun afkomu ársins og yfrfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanlega á ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið setur út frá 30. gr laga um um opinber fjármál í samráð við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## 17 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	184.023.512	166.678.121
Ógreidd laun .....	0	442.847
Önnur ógreidd gjöld .....	7.311.826	689.392
	191.335.338	167.810.360

## 18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	206.118.631	159.305.395
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	35.922.011	(32.765.222)
	242.040.642	126.540.173

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	159.305.395	(32.765.222)	126.540.173
Fjárfestingafjárveiting ársins .....	0	142.700.000	142.700.000
Fjárfesting verk í vinnslu .....	30.029.821	(30.029.821)	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	20.000	20.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	28.647.831	(28.647.831)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	15.355.116	(15.355.116)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(27.219.531)	0	(27.219.531)
	206.118.632	35.922.010	242.040.642

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 26,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 19 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2023, þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa og samninga um eftirlit með ýmsum húsnæðis- og öryggiskerfum til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema um 216,85 milljónum og vegna þjónustu- og eftirlitssamninga um 45,36 milljónum. Annað, stofnunin hefur gert styrktar- og samstarfssamning til ársins 2021, árlegar greiðslur nema 10 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningskilatímabilsins sem hafa áhrif á upplýsingar eða fjárhæðir í ársreikningi.

